

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
netf. nefndasvid@althingi.is

Skaftárhreppi, 25. apríl 2019

Umsögn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 775. mál

Þann 12. apríl sl. barst Eldvötnum – samtökum um náttúruvernd í Skaftárhreppi til umsagnar ofangreint frumvarp frá nefndasviði Alþingis, f.h. umhverfis- og samgöngunefndar þingsins.

Eldvötn þakka erindið og gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Fyrst skal nefna að samtökunum þykir furðu sæta að frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna innleiðingar EES-tilskipunar 2014/52/ESB skuli gangi lengra en tilskipunin gefur tilefni til, meðal annars með því að koma að afar umdeilanlegum breytingum á sjálfum lögunum, sem ekki eiga sér stoð í tilskipuninni.

Þá er í gangi vinna að frumkvæði umhverfis- og auðlindaráðherra á endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum, en ráðherra skipaði lok janúar sl. starfshóp með það hlutverk að endurskoða þau lög í heild sinni, sbr. frétt á vefsíðu ráðuneytisins. Vinna þess starfshóps gengur út á að endurskoða sömu útgáfu laganna og hér eru lagðar til breytingar á, við innleiðingu á EES-tilskipun af eldri hóp. Eldvötnum þykir furðu sæta að í ofangreindu frumvarpi skuli lagðar til umdeildar breytingar, sem núverandi starfshópur um endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum skuli ekki hafa tækifæri til að endurskoða.

Þá fara hér á eftir athugasemdir samtakanna við einstaka greinar:

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

2. gr.:

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Skipulagsstofnun skal búa yfir eða hafa aðgang að sérfræðipekkingu, eins og nauðsyn krefur, til að fara yfir gögn um mat á umhverfisáhrifum.

Athugasemd Eldvatna:

Samtökin benda á að skilgreiningu skortir á því hvað átt er við með „sérfræðipekkingu“.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sveitarstjórn skal í samþykkt sveitarfélagsins, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fela skipulagsnefnd eða öðrum aðila innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins töku fullnaðarákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili.

Athugasemd Eldvatna:

Samtökin gera alvarlega athugasemd við þessa breytingu. Samkvæmt henni færi ákvörðun um matsskyldu í hendur framkvæmdaraðila sjálf en ólíklegt er að skipulagsnefnd, sem er pólitískt skipuð, myndi vinna gegn sveitarstjórn sem hefur, eins og gefur að skilja, mikilla hagsmuna að gæta varðandi sínar framkvæmdir. Í þessu samhengi er einnig gerð athugasemd við skort á kröfum um sérfræðipekkingu skipulagsnefnda. Þá skortir hér skýringar á því hvað átt er við með „öðrum aðila innan stjórnarsýslu“.

6. gr.:

[...]

Ráðherra er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum og þegar markmiðum laga þessara er náð að undanskilja tiltekna framkvæmd, eða hluta hennar, ákvæðum laga þessara, þó með fyrirvara um 19. gr., þegar beiting þeirra mundi hafa skaðleg áhrif á tilgang framkvæmdarinnar.

Athugasemd Eldvatna:

Samtökin benda á að þessi breyting er skaðleg og gengur gegn tilgangi og markmiðum laganna. Eldvötn gera alvarlega athugasemd við orðalagið „þegar beiting þeirra mundi hafa skaðleg áhrif á tilgang framkvæmdarinnar“. Með þessu orðalagi er tilgangur framkvæmdar gerður æðri tilgangi og markmiða laga þessa. Þá er alls óljóst hvað telst til „[...] sérstakra undantekningartilvika ...“.

Þá er að mati Eldvatna einnig óljóst hvað átt er við með að ráðherra geti undanskilið tiltekna framkvæmd ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum þegar markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er náð. Að mati Eldvatna er ekki hægt að undanskilja einhverja framkvæmd mati á umhverfisáhrifum en samt sem áður ná markmiðum þeirra sömu laga eins og fram kemur í nýrri grein, 7. gr. a, um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Eldvötn gera einnig athugasemd við skort á kröfu um sérfræðipekkingu við ákvarðanatöku ráðherra sbr. 2. gr. um sérfræðipekkingu Skipulagsstofnunar.

Að ofangreindu er það mat Eldvatna að fella ætti þessa breytingu sem hér er fjallað um alfarið út.

[...]

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Með sérlögum, sem kveða á um tiltekna framkvæmd, er heimilt að undanskilja framkvæmdina ákvæðum laga þessara um samráð við almenning, að teknu tilliti til 19. gr., enda sé markmiðum laga þessara náð og lögin sett í upphafi málsmeðferðar mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Athugasemd Eldvatna:

Samtökin benda á að markiðum laganna verður ekki náð án samrás við almenning, sbr. d. lið 1. gr., og því er þessi breytingartillaga ótæk. Þá er breytingartillaga í hróplegu ósamræmi við ákvæði Árórsarsamningsins sem Ísland fullgilti 2011 um skyldur ríkja til að tryggja að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um umhverfismál og að tryggja almenningi rétt til þátttöku í undirbúningi að ákvörðunum sem snerta umhverfið.

7. gr.:

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2.–4. másl. 1. mgr. orðast svo: Í tillögu framkvæmdaraðila skal lýsa framkvæmdinni, eðli hennar og umfangi, framkvæmdarsvæði og öðrum raunhæfum valkostum sem til greina koma og upplýsa um þær skipulagsáætlanir sem í gildi eru á framkvæmdarsvæði og hvernig framkvæmd samræmist þeim. Þar skal einnig vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis verði lögð áhersla, hvaða gögnum verði byggt á og hvaða aðferðum beitt við umhverfismatið og áætlun um kynningu og samráð. Framkvæmdaraðili skal auglýsa og kynna rafrænt tillögu að matsáætlun fyrir umsagnaraðilum og almenningi áður en hann leggur tillögu sína fram til afgreiðslu Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr.

Athugasemd Eldvatna:

Samtökin benda á að skilgreiningu skortir á því hvað tejust vera „raunhæfir valkostir“; hver metur hvað teljist til raunhæfra valkosta og hvað liggja skal til grundvallar um mat á raunhæfum valkostum í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

8. gr.:

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Framkvæmdaraðili skal tryggja að frummatsskýrslan sé útbúin af til þess hæfum sérfræðingum.

Athugasemd Eldvatna:

Samtökin benda á að skilgreina þarf hvaða hæfni umræddir sérfræðingar þurfa að búa yfir, sem og það hvernig sú hæfni er metin.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

12. gr.:

[...]

b. Í stað 2. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

[...]

Leyfisveitandi skal taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álitsins. Leyfisveitandi skal í greinargerðinni einnig taka afstöðu til tengdra leyfisveitinga þegar tilefni er til ef um það er fjallað í áliti Skipulagsstofnunar.

Athugasemd Eldvatna:

Samtökin telja ótækt að leyfisveitandi hafi svigrúm til að víkja frá faglegu áliti Skipulagsstofnunar, sem lagt skal til grundvallar útgáfu leyfis til framkvæmda. Slíkt er andstætt anda laganna. Hið rétta væri, og það leggja samtökin til, að gera niðurstöðu Skipulagsstofnunar bindandi og ófrávíkjanlega.

14. gr.:

Í stað 1. mgr. 17. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar framkvæmd sem fellur undir málsmeðferð skv. 6. gr. eða IV. kafla kallar jafnframt á skipulagsgerð á grundvelli skipulagslaga er heimilt að sameina skýrslugerð um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar samkvæmt lögum þessum og skýrslugerð um umhverfismat skipulagstillögunnar samkvæmt skipulagslögum.

Athugasemd Eldvatna:

Samtökin benda á að ef skýrslugerð mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og vinnu við skipulagsbreytingar sveitarfélaga vegna framkvæmda verði leyft að sameina, takmarkast mikilvæg tækifæri almennings, íbúa- og umhverfisverndarsamtaka til að koma sínum athugasemdum vegna framkvæmda, mengandi starfsemi sem og breytingum á skipulagi sveitarfélagsins að. Þá væri eingöngu um að ræða eitt umsagnarferli; 6 vikur sem gefnar væru til umsagna. Að mati Eldvatna stríðir þessi breyting gegn ákvæðum 6., 7. og 8. gr. Árórsamningsins sem Ísland fullgilti árið 2011. Af þessum sökum leggjast Eldvötn gegn þessari breytingu og leggja til að greinin verði felld út.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. viðauka laganna:

[...]

c. *Við iii. lið 1. tölul bætist: einkum landi, jarðvegi og vatni, og líffræðilegrar fjölbreytni.*

Athugasemd Eldvatna:

Samtökin telja ástæðu er til að bæta „jarðminjum“ inn í þessa setningu.

[...]

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

g. Við a-lið iv. liðar 2. tölul. bætist: ár- og vatnsbakka og ármylna.

Athugasemd Eldvatna:

Samtökin benda á að á þennan lista þarf nauðsynlega að bæta „grunnvatns“ við.

n. Við 3. tölul. bætist nýr töluliður sem orðast svo: möguleika á að draga úr áhrifum.

Athugasemd Eldvatna:

Samtökin leggja til að þessi breytingartillaga verði felld út. Að mati Eldvatna er hætt við að framkvæmdum verði stillt upp og þær réttlættar með vísan í þennan lið. Einnig er það mat Eldvatna að þessi breyting bjóði upp á að gert verði lítið úr verulega neikvæðum umhverfisáhrifum þar sem möguleiki sé á að draga úr áhrifum án þess þó að það sé ljóst hvort slíkt sé raunhæft og/eða mögulegt með tilliti til framkvæmdarinnar. Með þessu móti er hætt við að þessi breyting muni þjóna sem liður í réttlætingu á framkvæmdum sem hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Þá er alveg óljóst hvað felst í „möguleikanum á að draga úr áhrifum“, hvort slíkt sé raunhæft og framkvæmanlegt. Einnig er óljóst hvort átt sé við að draga úr áhrifum á einstaka umhverfisþætti eða heildaráhrif framkvæmdarinnar á umhverfið. Þá vilja Eldvötn áréttta að vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er mjög mismunandi og fer meðal annars eftir stærð, umfangi og staðsetningu framkvæmdarinnar. Að því sögðu er mikilvægt að horft sé til vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti. Þá sé það gert á þann veg að þau áhrif sem vega hvað þyngst séu lögð til grundvallar þeim möguleika að draga úr áhrifum framkvæmdar á umhverfið en framkvæmdaraðila ekki gert valkvætt hvaða umhverfisþætti mögulegt sé að draga úr áhrifum framkvæmdar.

F. h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi



Ingibjörg Eiríksdóttir

formaður

netf. eldvotn@gmail.com